

359. Stjórnarfundur LEB – 31. maí 2022
Haldinn í fundarherbergi LEB, Ármúla 6, 108 R. Kl. 14.00

Mætt voru: Helgi Pétursson, formaður, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson. Jónas Sigurðsson og Ragnar Jónasson. Ásgerður Pálsdóttir og Ingibjörg H. Sverrisdóttir voru forfallaðar.

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu stjórnarfunda frá 20.4., 27.4., og 3.5.

Fundargerðirnar voru samþykktar.

2. Undirritun skjals til RSK um breytingu á stjórn LEB.

Skjalið var undirritað.

3. Niðurstöður stefnumótunarfundar LEB frá 8. febrúar s.l. og framkvæmdaáætlun.

Samþykkt að ræða um niðurstöður fundarins á stjórnarfundum í haust.

4. Nefndir LEB. Breytingar, endurnýjun eða nýjar nefndir.

Stjórnarmenn beðnir um að hugsa málið til næsta fundar.

5. Önnur mál.

a. Starfsmannamál

Rætt um og staðfestar breytingar á starfsmannahaldi á skrifstofu LEB.

b. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

Rætt um áherslur sem leggja ætti í vinnu nefndarinnar s.s. kjaramál, húsnæðismál, öldrunarráð, hjúkrunarheimili, fjölgun eldra fólks og Framkvæmdasjóð aldraðra. Einnig um að virkja betur aðildarfélögin til að hafa jákvæð áhrif á niðurstöðu nefndarinnar. Þá var rætt um mikilvægi þess að þetta yrði ekki enn ein nefndin sem skili skýrslu. Mikilvægt að notuð verði þau gögn sem til eru og að gerð verði aðgerðaráætlun sem nýtist síðan til framkvæmda.


c. Öldungaráð

Rætt um að LEB eigi að taka frumkvæði í að efla Öldungaráðin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Drífa Sigfúsdóttir ritaði fundargerðina.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 09.08.2022



Helgi Pétursson formaður LEB